

Einar E. Sæmundsen.

DAGBÓKARSKÝRSLA SUMARID 1926.

Dagbókarskýrsla 1926.

Þórsmerkurför.

Laugardaginn 29. maí lagði ég af stað kl. 2 e.h. úr Reykjavík. Hafði ég fjóra til reiðar og sóttist vel. Áði ég á Lögbergi og keypti hey handa hestunum, því engir hagar voru komnir. Hélt ég svo að Ölfusá og áði þar, en þar var ekki nema slæmt hey að fá sem hestarnir létu illa við. Hélt ég þá að Þjórsá og náði þangað um miðnætti og var þá grimmdarfrost með norðanbili. Í Þjórsártúni var fjölmennur fundur og stóð hann fram undir morgun. Kom ég hestunum í hús og fékk hey handa þeim, en það fór á sömu leið að þeim líkaði það ekki. Bauð þá Ingimundur í Kaldárholti mér heim til sín og þáði ég það. Komum við að Kaldárholti rétt eftir fótaferð. Þar var hestunum gefin taða og leið þeim vel. Svaf ég svo fram undir hádegi en fór þá til Þjórsárbrúar, því þar skildi ég töskuna eftir á meðan ég var efra. Frá Þjórsá sendi ég hr. Skógræktarstjóranum símskeyti um að taka með sér 25 kg. höfrum handa hestunum vegna þess hve lítill gróður var kominn. Var veður leiðinlegt þennan dag. Fór ég ekki nema að Egisíðu þetta kvöld og var þar nóttina. Fengu hestarnir nóg og gott að éta.

31. maí, mánudagur.

Fór ég snemma frá Egisíðu og austur að Garðsauka. Þar borðaði ég og keypti tuggu handa hestunum. Hélt svo sem leið liggur inn að Múlakoti. Sendi Árni þegar eftir hestum en þeir voru allir upp á fjalli svo all langur tími fór í að ná þeim. Þess vegna vorum við ekki komnir nema rúmlega á stað, er við mættum hr. Skógræktarstjóranum. Snerum við þá aftur með honum, en fórum síðar allir út að Þverá um kveldið og sóttum dót það er komið hafði með bílnum.

1. júní, þriðjudagur.

Fórum við Árni bóndi inn að Fljótsdal að afla manna þar á bæjunum, en hr. skógræktarstjórinn út að Breiðabólstað. Varð hvori tveggja talsvert ágengt, og var svo ferðin inn á Mörk undirbúin um kveldið.

2. júní, miðvikudagur.

Lagt af stað inn eftir og urðu það 9 menn sem með okkur fóru er lagt var upp frá Fljótsdal. Gekk ferðin vel. Búist fyrir í Húsadal, tjaldað þar o.fl. gert að undirbúningi.

3. júní, fimmtudagur.

Byrjað að höggva og binda og unnið í 10 tíma.

4. júní, föstudagur.

Haldið áfram sama starfi og var þó illviðri framan af.

5. júní, laugardagur.

Haldið áfram sama starfi og taldist svo til að niður fyrir brún væru þá komnir 345 baggar. Fóru allir verkamennirnir fram á bæi og heim til sín, en við urðum einir eftir.

6. júní, sunnudagur.

Komu engir aðrir en Fljótsdalsbræður um kveldið.

7. júní, mánudagur.

Þennan dag voru baggarnir bornir og reiddir vestur að fljóti. Upp úr hádeginu komu 5 menn. Var þá höggið og bætt við 20 böggum. Að öðru leyti var allt undirbúið til fleytingar strax daginn eftir.

8. júní, þriðjudagur.

Sett á flot og gekk það samlega og eins fleytingin, en kalsaveður var á svo ekki þótti gerlegt að halda mönnunum nema 9 stundir við þennan vaðal. Var þá haldið til tjaldanna í Húsadal og þar legið um nóttina.

9. júní, miðvikudagur.

Tókum við okkur upp úr Húsadal fleyttum hrísinu áfram. Náðum við öllu upp, en all margir baggar höfðu flotið fram fyrir stíflu, sem hægt hefði verið að stöðva, hefðu stíflumennirnir skeytt um það í tíma. Voru þeir strandabir þar á eyrum víðs vegar. Þennan dag kom Þorsteinn Þorsteinsson. Fórum við bábir út að Múlakoti um kveldið og vorum þar nóttina.

10. júní, fimmtudagur.

Fórum við Þorsteinn inn að Fljótsdal. En þaðan fór ég með hr. skógræktarstjóranum inn að stíflu og Jón í Fljótsdal með okkur til þess að telja saman bagga þá er voru þar á eyrunum og bera þá saman. Síðan fórum við til baka út að Múlakoti. Þaðan héldu þeir skógræktarstjórinn og Þorsteinn út að Efrahvoli og lánaði ég þeim Örn minn. Kom Þorsteinn til baka

um kveldið og sagði að ákveðið væri að bæta við 100 hest-
burðum af hrísi, sem fleytast ætti innan af Mörk og út að
stíflu

11. júní, föstudagur.

Undirbjuggum við ferðina fyrri hluta dagsins, en lögðum
svo af stað inneftir undir kveldið. Voru þar fyrir allmargir
smalar sem leita ætluðu Mörkina daginn eftir og voru þeir í
tjöldunum fram eftir nóttinni.

12. júní, laugardagur.

Kom Árni í Múlakoti snemma um morguninn og fór ég með honum
og Tómasi að grisja, en Þorsteinn og Jón í Fljótsdal fóru
inn í Tindfjallagil að setja þar upp girðinguna sem niður
var tekin um haustið. Voru þeir að því fram til miðdegis.
Skruppum við í réttina. Var þar fátt fé nema allmikið af
gemlingum sem ganga eiga vist á Góbalandi og voru þeir reknir
yfir Krossá yfir á Stakkholt. Fórum við að athuga skemmdirnar
á girðingunni neðan til og vestan í Valahnjúk og reistum
hana við. Kom okkur öllum saman um að skemmdir þær væru af
mannavöldum, þó að þeir sem féð eiga í Mörkinni vildu annað
segja. Fóru allir fram um kveldið nema Tómas sem eftir varð
hjá okkur Þorsteini.

13. júní, sunnudagur.

Áttum við næðisaman dag og kom enginn.

14. júní, mánudagur.

Vorum við þrír framan af deginum að grisja. En svo bættust
þrír við og var þá lagt í og bundið.

15. júní, þriðjudagur.

Haldið áfram við sama. Fór Þorsteinn fram í Hlíð að vitja um
skógræktarstjóra og Magnús, en þeir voru þá ókomnir. En með
4 menn kom Þorsteinn með sér. Þennan dag komu fjallamenn með
rekstur utan aura. Fór ég á móti þeim að hliðinu í Húsadal
og fylgdi þeim svo inn úr hliðinu í Hamraskógum. Var sumt af
fénu latt og uppgefið og mæltust þeir til að fá að skilja
þær kindurnar eftir í Mörkinni. En það leyfði ég ekki og
urðu þeir að bera sumt eða tosa því einhvernvegin. En allt
fór það inn úr hliði og langt norður á Kápu fylgdu þeir
aðalsafninu. Um kveldið komu ferðamenn er gistu hjá okkur um
nóttina og var lítið næði af því.

16. júní, miðvikudagur.

Bættust enn við 2 menn, svo að nú vorum við 12 og miðaði vel áfram. Sendi ég hesta Skógræktarinnar út í Hlíð, svo að þeir biði þar komu skógræktarstjóra og Magnúsar.

17. júní, fimmtudagur.

Lokið við að binda og bera niður. Komu þeir undir kveldið hr. skógræktarstjórinn og Magnús og var þá allt hrísið vegið og hlaðið um og hver baggi tölumerktur. Var öllu þessu lokið í tæka tíð um kveldið og ekki annað eftir en fleygja í fljótið.

18. júní, föstudagur.

Hófst fleytingin. Var nú minna í fljótinu en á dögnum, svo víðast hvar mátti koma hestum við. Bættust 3 menn við svo utan við okkur skógræktarmennina voru það 11 manns sem unnu að fleytingunni. Gekk það ágætlega og eftir 12 stunda vinnu var öllu bjargað á land. Fórum við að Múlakoti um kveldið.

19. júní, laugardagur.

Svaf ég mig vel út og lét þvo fót mín. Seinni hluta dagsins lagði ég svo af stað áleiðis suður með hr. skógræktarstjóranum og fórum að Stóra Hofi um kveldið.

20. júní, sunnudagur.

Héldum við að Egisiðu og biðum þar allanga stund eftir hesti sem ég hafði lofað Þorsteini á Hrafnóftum að taka suður. En þegar til kom urðu folarnir tveir og tók ég þá með suður. Héldum við að Ölfusá um kveldið.

21. júní, mánudagur.

Héldum við svo sem leið liggur vestur um heiði og til Reykjavíkur. Var þá þessari för lokið og hafði ég þá verið að heiman alls 24 daga.

Vatnsdalsför.

Miðvikudaginn 21. júlí lagði ég af stað með hr. skógræktarstjóranum, sem leið liggur austur á Þingvöllum. Hélt ég að Skógarkoti um kveldið með hestana og var þar nóttina.

22. júlí, fimmtudagur.

Lögbum við á Kaldadal og héldum að Kalmannstungu um kveldið.

23. júlí, föstudagur.

Seinni hluta dagsins héldum við sem leið liggur norður á Arnarvatnsheiði. Áðum all langa stund við Arnarvatn og héldum svo norður Grímstunguheiði. Komum að Haukagili í Vatnsdal um hádegi.

24. júlí, laugardagur.

Hvíldum okkur þar um daginn og vorum þar nóttina.

25. júlí, sunnudagur.

Skildu leiðir. Fór ég niður að Þingeyrum um daginn til móts við Steinar Stefánsson, sem með mér ætlaði að verða suður. En Hrafnótta folann og minn skildi ég eftir í Saurbæ hjá Gísla, er lánaði mér hest ofan eftir. Var Steinar kominn að Þingeyrum og vorum við þar samnótt.

26. júlí, mánudagur.

Héldum við Steinar að Haukagili og vorum þar nóttina.

27. júlí, þriðjudagur.

Fórum við Steinar að Grímstungu og tók ég þar fola Halldórs í Hrauntúni. Lögbum við svo upp með "Álku" Grímstungumegin og má það kallast allgóður vegur. Vórum við með 7 hesta alls og sóttist allvel suður eftir. Hrepptum sæmilegt veður suður að Arnarvatni. En þegar við höfðum á þar litla stund skellti hann yfir slagviðris rigningu svo við áðum þar 5 tíma. Þá létti í lofti en hvassviðrið hélst hið sama. Héldum við þá á stað suður af og náðum að Kalmannstungu laust fyrir hádegi.

28. júlí, miðvikudaginn.

Í Kalmannstungu fengum við þá frétt að Geitá væri með öllu ófær. Hvíldum við okkur fram eftir deginum í þeirri von að hlypi úr ánni með kveldinu. En það varð ekki. Vórum við þá í Kalmannstungu nóttina.

29. júlí, fimmtudagur.

Enn var Geitá með öllu ófær og lítt fært verður talið af kunnugum á Kaldadal. Tókum við því fyrir að ríða niður Hvítársíðu og Uxahryggi til Þingvalla. Náðum við að Stálpastöðum í Lundarreykjadal um kveldið og vorum þar nóttina.

30. júlí, föstudagur.

Héldum við upp Lundareykjardal og yfir Uxahryggi. Komum að Hrauntúni eftir 9 tíma ferð. Áðum þar dálitla stund og héldum svo á Þingvöllum. Þar frétti ég að kona mín væri komin austur í Laugardal, svo ég hætti við að fara suður. Hélt ég austur í Laugardal um kveldið

Þar með var þessari för lokið og höfðu til hennar gengið 10 dagar.

- - -

Í Laugardalnum dvaldi ég svo ásamt konu minni hálfan mánuð. En mánudaginn 16. ágúst hélt ég frá Laugarvatni og suður að Lögbergi. Var þar nóttina vegna þess mér þótti of seint að fara með hestana til Reykjavíkur, en hélt þangað daginn eftir.

Þingvallaför.

Sunnudaginn 19. september hélt ég austur að Skógarkoti til þess að verða við skógarhögg þar í sveitinni. Vorum við samnóttar í Skógarkoti Theódór Arnbjörnsson ráðunautur.

20. september, mánudagur.

Fór ég ásamt Theódór upp í Þingvallarétt til þess þar að ræða við bændur um skógarhöggið. Var veður hið versta og töldu bændur öll merki á að höggið gæti byrjað fyrr en eftir tvo til þrjú daga. Þornaði til, yrði fyrst að ná upp úr gördunum. Tók ég þá fyrir að verða Theódór samferða austur í Laugardal og vita um Hrafnstöfta, folann, sem hafði þar staðið í holti síðan í ágústmánuði og reyna að koma honum áleiðis heim til sín, væri þess nokkur kostur.

21. september, þriðjudagur.

Skóðaði ég folann og Theódór með mér. Var hann nú að heita óhaltur, en Theódór kvað hafa stafað af því að hófinn var að reka af honum og var nú sem næst því að detta, en ekki hægt að járna hann og varasamt að hreyfa hann. Tryggara að láta folann standa enn og hófinn vaxa betur fram. Úr því ég var það langt kominn vildi ég nota ferðina til þess að tryggja mér fóður fyrir hesta mína. Varð ég þá Theódór samferða fram að borg og var þar nóttina.

Fékk ádrátt um fóður fyrir hestana, en þó ekki fullgert.

22. september, miðvikudagur.

Rigning og ódráttarveður. Hélt ég upp að Laugarvatni og var þar nóttina.

23. september, fimmtudagur.

Veður hið sama og hélt ég út að Skógarkoti og var þar nóttina.

24. september, föstudagur.

Rauk hann upp af norðri með grenjandi stormi. Var farið í að taka upp kartöflur, svo enginn gat sinnt skógarför.

25. september, laugardagur.

Fór ég með Jóhanni í skóg en drengir hans voru í kartöflugarðinum.

26. september, sunnudagur.

Um kyrrt í Skógarkoti.

27. september, mánudagur.

Rigning og ekkert skógarveður.

28. september, þriðjudagur.

Fór ég að Gjábakka til þess að vera þar í skógi. En þegar þangað kom skellti hann yfir óveðri, sem hélst allan daginn, svo ekkert varð af skógarför.

29. september, miðvikudagur.

Hélt sama óveðrið og hvergi farið.

30. september, fimmtudagur.

Snjóbleytu krapahrið allan daginn og ekkert skógarveður.

1. október, föstudagur.

Gott veður og fór ég með Þingvallamönnum upp í Sigurðarsel og grisjuðum við þar til myrkurs. Þaðan voru síðar reiddir rúmir 20 hestar af lurkum.

2. október, laugardagur.

Var ég enn með Þingvallamönnum í skógi hjá Tjörnunum fram undir nónn. Brá ég mér þá í bíl til Reykjavíkur en skildi dót mitt og hesta eftir í Skógarkoti. Bæði var það, að ég þurfti að skreppa heim, og svo var útrunnin tími sá er ákveðið var að ég yrði þar í sveitinni. Hafði ég þá verið 14 daga að heiman.

Í Reykjavík hittí ég hr. skógræktarstjórann og sagði honum frá starfi mínu og að mikið væri óunnið enn. Tilkynnti hann mér síðar, að ég skyldi ekki austur fara til frekara skógarhöggs þetta haust, og láta við það sitja, sem þá væri gert. Sagði ég honum þá að ég mundi með næstu ferð sem félli skreppa austur til þess að ráðstafa hestum mínum.

En það dróst fyrir mér til fimmtudagsins 14 október.

Þegar austur að Skógarkoti kom frétti ég að hestar mínir hefðu strokið austur að Laugarvatni og væru þar. Sagði Jóhann mér að enn væri ótekinn upp viður sá er hann ætlaði til eldneysis, og mæltist til þess að ég yrði hjá sér. Varð það úr og varð ég hjá honum samtals 8 daga og voru á þeim tíma reiddir heim 45 lurkahestar og 60 hríshestar. Tókum við mest af þessu upp við Jóhann einir, því að drengir hans stunduðu rjúpnaveiðar nema þá dagana sem veitt var. Auk þess var ég 3 daga á Gjábakka og voru þar reiddir heim um 25 hestar og í Hrauntúni grisjaði ég 2 daga með Halldóri og áætluðum það 20 hesta.

Alla þessa daga var frost og stillur og mjög þægilegt skógarveður. Tvo daga gekk ég á rjúpnaveiðar og skaut um 50 rjúpur er ég sendi heim.

2. nóvember fór ég austur í Laugardal. Var þá Hrafnatófla, folinn orðin óhaltur og hófurinn það vaxinn að hægt var að mæla undir hann. Beið ég eftir hlýrra veðri að fara með hann og kom það eftir fáa daga. Fékk ég þá dreng á Hjálmsstöðum til þess að fara með hann niður að Þjórsábrú, en Einar Brynjólfsson kom honum samdægurs með póstinum heim til sín.

Var ég svo á Laugarvatni og Hjálmsstöðum við skriftir og skýrslugerðir í hálfan mánuð.

16. október fór ég frá Laugarvatni og fram í Grímsnes. Í Vatnsnesi kom ég fyrir hestum mínum og hélt svo að Minni-Borg. Þaðan komst ég í bíl til Reykjavíkur og kom heim til mín 19. október.

Reykjavík, 3. marz, 1927.

E. Sæmundsen.

Athugun fræplantna í Þórsmörk.

,Á meðan ég dvaldi í Þórsmörk í sumar leit ég allvíða eftir fræplöntum og ritabi hjá mér helstu stöðina þar sem þær er að finna. Virtist mér sem óvenjulega mikið væri um fræplöntur, víðsvegar um mörkina, en þó mest á þeim stöðvum, er nú skal greina.

Húsadalur.

Um brekkurnar beggja megin vegarins niður frá Snorraríki og um gilið, sem vatnsbólið var í sumarið 1923. Beggja megin við lækjarfarveginn niður dalinn, en sérstaklega var þó mikið af þeim á sauðflöt, skammt norðan við hliðið og meðfram skógartorfunni. Í gilinu sem girðingin liggur yfir hjá Morsu.

Hamraskógar.

Um gilið sem troðningarnir úr Langadal liggja niður að Þröngá, og sömuleiðis um gilin þar sem tjöldin stóðu í fyrrasumar. Annars er rétt að geta þess að meira og minna af fræplöntum var að finna í öllum giljum þeim, sem ég fór um þar í Hamraskógum, þó sérstaklega bæri á þeim, þar sem rof eru og lítil gróður að öðru leyti, og jarðvegurinn sendinn.

- - -

Þar sem girðingin liggur yfir Tindfjallagil var allmikið af plöntum víðsvegar um flötina neðan við skógartorfunar þar, þar er jarðvegur sendinn mjög, grashnottar á stangli og þar því meira á plöntum, sem vóru þéttar og líklegar til þroska, ef sauðurinn kæfir þær ekki.

Langidalur.

Þar var plöntugróðurinn mestur og þéttastur í kringum skógartorfunna hjá Skugga, þar sem trén hafa hrunið úr. Sömuleiðis um gilið er stefnir frá tjaldstaðnum og upp í Valahnjúk.

Í Slyppugiljum og Litlaenda var minna um plöntur. Þó sáust þær sums staðar á strjálíngi og þó helzt framan í brekkunum, þar sem rof eru og smátt um gróður að öðru leyti.

Stóriendi.

Þar voru fræplönturnar fallegastar og þroskavænlegast um brekkurofið á vinstri hönd þegar beygt er upp í Stórenda. Sömuleiðis var og allmikið af góðum plöntum um sauðgára, er runnið hefir niður í skóginn vestan við brekkuna, sem höggvið var í haust. En vel má

vera að í haust hafi skógarmenn eyðilagt þennan plöntugróður, því niður gárann drógu þeir bæði lausan við og klyfjar.

Þá er og annar sauðgári, skammt fyrir ofan tjaldstað okkar í haust (þar sem troðningarnir þrjóta) sem er að gróa upp og var þar gnægð góðra plantna. Einnig voru plöntur um gilið þar fyrir austan (þangað sem við sóttum vatnið í haust) en þó mestar og bestar neðan til í því eða sem næst aurunum.

Reykjavík 29. janúar, 1926.

E. Sæmundsen.